

Ólafur G. Einarsson
menntamálaráðherra

Minnisblað

Alþingi

Erindi nr. P 118/696

komudagur 10 / 1 1995

Til formanns menntamálanefndar Alþingis

Frá menntamálaráðherra

3. janúar 1995

Efni: Undirbúningur flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

Nefnd sú er ég skipaði til að undirbúa ýmis mál er tengjast flutningi grunnskólans til sveitarfélaga hefur nú tekið til starfa. Nefndina skipa eftirtaldir fulltrúar: Róbert Agnarsson formaður, skipaður án tilnefningar, Guðmundur Oddsson varaformaður, skipaður án tilnefningar, Eiríkur Jónsson og Elna K. Jónsdóttir tilnefnd af Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi, Halldór Árnason tilnefndur af fjármálaráðherra, Húnbogi Þorsteinsson tilnefndur af félagsmálaráðherra, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Valgarður Hilmarsson tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin er skipuð samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar og hefur það verkefni að vera stjórnvöldum til ráðuneytis varðandi undirbúning þessa flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Nefndin skal gera tillögur til stjórnvalda um einstök framkvæmdaatriði eftir því sem stjórnvöld óska eða nefndin telur ástæður til.

Veigamestu viðfangsefni nefndarinnar er að fylgja eftir frumvarpssmið og samningagerð milli þeirra aðila sem að tilflutningnum standa.

Ég hef látið semja drög að frumvarpi til laga sem tryggja eiga að áunnin starfstengd réttindi kennara haldist við flutninginn. Frumvarp þetta er nú í meðferð fjármálaráðuneytis. Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneyti hefur ráðuneytisstjóri þegar boðað fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar til samstarfs við sig til að ræða nánari tilhögun varðandi yfirfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og meðferð starfsmannamála í því samhengi. Það eru einkum mál er varða skóla og sjúkrahús, réttindamál starfsfólks og fjárhagslegar skuldbindingar sem því tengjast. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir að málin hafi skýrst um miðjan mánuð. Frumvarp um réttindamál kennara verður lagt fram þegar Alþingi kemur saman á ný.

Frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga er annað mál sem flutningnum tengist. Þegar hefur verið unnin nokkur vinna í því efni innan félagsmálaráðuneytis, sbr. tillögur og greinargerð nefndar sem skipuð var af félagsmálaráðherra til að endurskoða ákvæði reglugerðar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um jöfnunarframlög (Félagsmálaráðuneytið 16. nóvember 1994). Jafnframt má benda á skýrslu nefndar sem ég skipaði um mat á kostnaði við tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaga (Menntamálaráðuneytið í september 1994).

Ljóst er að ekki er hægt að ljúka endanlegri gerð frumvarps um flutning á tekjustofnum frá ríki til sveitarfélaga fyrr en ný grunnskólalög hafa verið samþykkt. Hin nýskipaða nefnd mun kynna sér vel þá vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi og fylgja henni eftir með nánari úrvinnslu eftir því sem tilefni er til. Þannig liggi fyrir við samþykkt frumvarpsins eins ítarleg drög að samningum ríkis og sveitarfélaga og frekast er kostur.

Nýtt frumvarp um breytta tekjustofna sveitarfélaga verður hins vegar að líkindum ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en á komandi hausti.

Að öðru leyti vísast til þess að nefndin er í erindisbréfi hvött til að hafa frumkvæði að því að benda á hugsanleg úrlausnarefni er flutningnum tengjast og koma með tillögur þar að lútandi.

Ólafur T. Einarr